



Dýrahjálp Íslands
Fyrsta árið liðið



Dýrahjálp Íslands



Kæru meðlimir Dýrahjálpar,

fyrsta ár í rekstri Dýrahjálpar er að renna sitt skeið á enda. Við þökkum kærlega fyrir viðtökurnar á liðnu ári ásamt hlýjum gæfuóskum.

Umræða um stofnun dýraathvarfs hefur verið á umræðugrundvelli á Íslandi í mörg ár. Í nágrannalöndum okkar eru dýraathvörf algeng en hér á landi er einungis eitt athvarf, sem aðeins er fyrir ketti. Með aukinni gæludýraeign landans er vaxandi þörf á dýraathvarfi þar sem öll dýr geta átt hæli á milli þess sem leitað er að framtíðarheimili.

Mikil undirbúningsvinna er í vændum vegna stofnunar athvarfs og þangað til að það rennur upp þá mun heimasíða Dýrahjálpar ásamt fósturheimilakerfi vera vettvangur til að finna framtíðarheimili fyrir dýr sem þurfa að finna nýja sambýlismenn og konur. Margir aðilar hafa boðið heimili sín og tíma, til að fóstur þau dýr sem ekki geta verið á heimili sínu þar til nýtt framtíðarheimili finnst, og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir.

Hér eftir má sjá yfirlit yfir skemmtilega atburði sem aðstandendur Dýrahjálpar hafa unnið frá stofnun félagsins, ásamt nokkrum skemmtilegum sögum um dýr sem hafa fengið heimili í gegnum Dýrahjálp.



Einstakir atburðir í sögu Dýrahjálpar frá stofnun

Mikið hefur gerst síðan félagið var stofnað. Fjölda þeirra hugmynda sem komið hafa frá meðlimum og öðrum velvildarmönnum og konum hafa verið hrint í framkvæmd. Margar hugmyndir eru enn á borðinu og virðist ekkert lát vera á hugmyndaauðginni.

Athugið að öll vinna er unnin í sjálfböðastarfi. Allt fjármagn sem félaginu hefur hlotnast, hvort sem það er með sölu jólakorta, frjálsum framlögum, uppboðum og annarri fjármögnunarstarfsemi hefur verið notað til að greiða dýralæknakostnað dýra á fósturheimilum þegar slíkt fellur til. Við höfum enn enga fasta tekjulind til að bera straum af þessum kostnaði og reiðum okkur því á góðvild ykkar dýravina.

Endilega látið okkur vita ef þið viljið aðstoða okkur eða hafið hugmyndir sem henta Dýrahjálpi. Allar tillögur eru vel þegnar og gera ekkert nema bæta starfið.



Fyrstu skref



Félagið var stofnað í maí á þessu ári vegna sameiginlegs áhuga stofnenda á velferð dýra ásamt því að það er vaxandi þörf á stofnun dýraathvarfs. Við fengum mikil viðbrögð frá dýravinasamfélaginu sem voru framar væntingum. Fjöldi manns hafði samband til að óska okkur velfarnaðar og var sammála okkur í því að það þurfi að setja upp dýraathvarf. Heimasíða okkar www.dyrahjalp.org var sett upp og hefur tekið nokkrum breytingum síðan



Flóamarkaður í Vesturbæ



Í ágúst skelltum við okkur á flóamarkað í Vesturbænum og dreifðum bæklingum um starfsemi Dýrahjálpar ásamt því að spjalla við marga dýravini um málefni málleysingjanna.





Glitnismararöon



Jan Feb Mar Apr Maí Jún Júl Ágú Sep Okt Nóv Des

Í ágúst fóru fulltrúar Dýrahjálpar í Glitnismararöon. Sandra klæddist fínum kanínubúning merktum Dýrahjálp og hljóp langa vegalengd og dreifði bæklingum og vakti mikla lukku bæði hjá fullorðnum og börnum.





Frétt á mbl.is



Jan Feb Mar Apr Maí Jún Júl Ágú Sep Okt Nóv Des

Morgunblaðið fjallaði um Dýrahjálp Íslands á vefmiðli blaðsins www.mbl.is.

Umfjöllunin greip athygli margra og bættust margir meðlimir í hópinn og allar heillaóskirnar styrktu okkur í þeirri trú að við séum að vinna að málefni sem á mikinn rétt á sér.

Við þökkum Morgunblaðinu fyrir að fjalla um dýrin sem þurfa á nýju heimili að halda.

Umfjöllunina má sjá með því að smella á hlekkinn hér fyrir neðan.

www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/08/29/hjalpa_heimilislausum_dyrum/





Basar á Hressingarskálanum



Hressingarskálinn stóð fyrir basar í október þar sem boðin voru til sölu föt sem hafa gleymst og aldrei verið sótt. Forsvarsmenn Hressingarskálans ákváðu að láta hluta ágóðans renna til Dýrahjálpar enda eru þar miklir dýravinir.

„Við erum stolt af því að styrkja þessi góðu samtök en markmið þeirra er að finna dýrum, sem annars væri lógað, ný heimili.“

Ekki nóg með að þau létu þau sér nægja að gefa Dýrahjálp hluta ágóðans heldur gáfu þau fatnaðinn, sem varð afgang, til Dýrahjálpar. Við kunnum þeim miklar þakkir fyrir!



Kolbrún Ýrr rekstrarstjóri
Hressingarskálans og Hlynur með Zorró



Haustsýning Kynjakatta



Dýrahjálpi Íslands var með bás á Haustsýningu Kynjakatta helgina 11. og 12. október. Þetta var 50. sýning Kynjakatta og var hún gríðarlega skemmtileg og fróðleg.

Mikið var spjallað við kattaeygendur og kattaáhugamenn um velferð dýra.

Kattholt var með bás við hliðina á okkur þar og kynntumst við þar af leiðandi mörgum köttum sem voru að leita að heimili. Kattholt vinnur gríðarlega gott starf fyrir ketti á Íslandi og erum við miklir aðdáendur af starfi þeirra.



Jólamánuður var erilsamur



Jólaporpið

Í desember vorum við í Jólaporpinu í Hafnarfirði. Þar kynntum við félagið, seldum kakó, fundum heimili fyrir einn góðan hund sem fékk að koma með á Jólaporpið. Við fengum í lið með okkur yndislega hjálp frá sjálfbóðaliðum félagsins.

Uppboð

Við fengum að gjöf listaverk og listmuni frá hinum ýmsu listamönnum. Það var að frumkvæði aðstandenda Bókabúðarinnar á Bergstaðarstræti. Uppboðið var haldið í lðuhúsinu fyrir jól og verður aftur haldið uppboð fljótlega eftir áramót.

Kolaportíð

Fötin sem Hressingarskálinn gaf okkur voru seld í Kolaportinu rétt fyrir jól og var þar mikil stemning og léku sjálfbóðaliðar Dýrahjálpar þar stórt hlutverk.

Jólakort Dýrahjálpar

Jólakort félagsins vöktu mikla lukku og verða einnig til sölu næstu jól.



Dýrin okkar

Dýrum sem þurfa nýtt heimili fylgir oft mikil saga. Stundum slæm og stundum góð. Við viljum fyrst og fremst hjálpa þeim að finna gott og hamingjuríkt framtíðarheimili.

Við höfum á þeim mánuðum sem liðnir eru frá stofnun félagsins fóstorað og auglýst fjöldan allan af dýrum.

| | | | | | | | | | |
|--------|--------|---------|--------|-----|--------|----------|-----------|-------------|---------|
| Hundar | Kettir | Kanínur | Fuglar | Mýs | Fiskar | Hamstrar | Naggrísir | Salamöndrur | Samtals |
| 91 | 102 | 16 | 16 | 3 | 3 | 23 | 10 | 1 | 265 |

Hér verður rakin saga nokkurra þeirra dýra sem hafa fengið heimili.



Fyrsti hundurinn sem fékk heimili



Dúna er fyrsti hundurinn til að fá heimili hjá okkur. Efsta myndin er af Dúnu þegar við auglýstum hana og Hinar tvær eru frá nýja heimilinu. Hún fékk meira að segja að hitta jólasveininn um jólin...





Dýr sem hafa verið í fóstri



Við fengum Marshmallow þegar hún var aðeins sjö vikna gömul (kanínuungar eiga ekki að fara frá móður sinni fyrr en þeir eru 8 vikna).

Hún var í fóstri hjá okkur í nokkra mánuði þar til að hún fann heimili með annarri kanínustelpu.

Hún kom frá gæludýrabúð þar sem þau gátu ekki haft hana. Hún var frekar árásargjörn og beit alla sem komu nálægt henni. Ástæðan fyrir því er sú að hún er sjöndöpur en með meira rými og tengsl við nýja eigendur þá hefur hún blómstrað og er orðin hamingjusöm lítil kanína.





Dýr sem hafa verið í fóstri



Mús er af tegundinni rex, þessi tegund er stærri en meðal kanína. Við tókum við henni í febrúar og var hún geld í mars. Það getur verið erfitt að finna heimili fyrir stórar kanínur þar sem þær þurfa mikið rými.

Kanínur af sömu tegund og Mús eiga oft við vandamál að stríða þar sem þær missa oft hárin neðan af löppunum og fá sár. Hún fékk smyrsl til að bera á fætturna til að minnka eymslin.

Mús er núna orðin meðlimur heimilisins sem tók hana í fóstur með öðrum kanínum.





Dýr sem hafa verið í fóstri



Gordó er Shar Pei / Border Collie blandaður hundur. Hann var búinn að vera á nokkru flakki á milli heimila og var síðast á heimili þar sem eigendurnir höfðu ekki tíma til að hleypa honum nógu mikið út.

Við tókum hann í stuttan tíma á fósturheimili. Hann var mjög hræddur og lítill í sér en var yndislegur á þeim tíma.

Núna er hann kominn á yndislegt heimili hjá fólki sem hefur mikla reynslu af hundum og er hann strax búinn að bindast þeim sterkum böndum.





Dýr sem hafa verið í fóstri



Maja kisa kom til okkar í flugvél frá Seyðisfirði.

Maja kisa er 12 ára gömul og er mikill reynslubolti.

Eftir að hafa verið í nokkra daga í fóstri hjá okkur þá fékk hún framtíðarheimili í Hafnarfirði.





Dýr sem hafa verið í fóstri



Kátur var aðeins fjögurra mánaða þegar við fengum hann til okkar.

Hann þurfti nýtt heimili vegna þess að það kom upp mikið ofnæmi á heimili hans.

Kátur var aðeins í stuttan tíma í fóstri og er núna kominn á Flateyri þar sem hann verður þjálfður sem leitarhundur. Hann á því skemmtilega og mikilvæga framtíð fyrir sér.





Dýr sem hafa verið í fóstri



Eddý kom til okkar með flugvél frá Seyðisfirði. Bróðir hans dó nokkru áður og vegna sorgarinnar hætti hann að borða og grenntist hræðilega mikið (það er algengt meðal kanína að lenda í þessu, þá er ráðlagt að finna nýjan féлага fyrir dýrið) . Hann var ekkert nema skinn og bein þegar hann kom en um leið og hann kom til okkar þá byrjaði hann að borða

Hann var magaveikur til að byrja með en eftir að hafa fengið lyf þá lagaðist hann. Hann er ennþá á fósturheimili með öðrum kanínum

Eddý líður mun betur núna og verður geldur um leið og hann verður búinn að ná eðlilegri þyngd.





Dýr sem hafa verið í fóstri



Starkaður kom til okkar frá dýraspítala á Selfossi. Þáverandi eigandi gat ekki hugsað um hann lengur og var mjög leiður yfir því að þurfa að svæfa hann. En sem betur fer þekktu dýralæknarnir til Dýrahjálpar og hringdu í okkur.

Hann var algjörlega óvanur því að vera í taum enda kom hann beinustu leið "úr sveit" en hann er klár og mjög fljótur að læra.

Hann var til að byrja með á fósturheimili og fékk svo fljótlega gott framtíðarheimili.





Önnur dýr sem fengið hafa heimili



Það eru ekki einungis hundar, kettir og nagdýr sem þurfa ný heimili. Hér að neðan má sjá Ariel salamöndru sem fékk er enn sem komið er "skrítnasta" dýrið sem við höfum auglýst.





Gleðilegt nýtt ár



Kærar þakkir fyrir viðtökurnar á liðnu ári, við hlökkum til að vinna enn meira og betra starf á komandi misserum.

Verum svo góð við dýrin á nýju ári og látum þeim líða vel um áramótin.